

dollara með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1962 til greiðsludags og 3.700.00 ísl. krónur í málskostnað.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1966.

Nr. 104/1965. **Helgi Grétar Helgason vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51,**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

Jóhannesi Gunnari Jóhannessyni f. h.
stjórnar Eldeyjar h/f
(Magnús Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1965 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3.000.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar í v/b Eldey, KE 37, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

V/b Eldey, KE 37, var hinn 31. janúar 1964 staddur í neyð þeirri, er greinir í 199. gr. laga nr. 66/1963, og var hjálp Vilborgar, KE 51, honum til handa því björgun. Bjarglaunin eru samkvæmt sjónarmiðum 200. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin kr. 240.000.00.

Með skírskotun til 7. gr. upphafsákvæðis og 6. tl. 205.

gr., 1. tl. 206. gr. og 208. gr. og svo 1. tl. 207. gr. laga nr. 66/1963 ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 60.000.00.

V/b Eldey fórst hinn 22. október 1965, og er því eigi um sjóveðrétt í því skipi að tefla.

Í beinu framhaldi af björgun sinni á m/s Kötlu lenti v/b Eldey í neyð þeirri, sem v/b Vilborg bjargaði honum úr. Samkvæmt 3. mgr. 217. gr. laga nr. 66/1963 átti því áfrýjandi sjóveðrétt í hluta stefnda af björgunarlaunum þeim, sem stefnda og áhöfn v/b Eldeyjar voru dæmd með dómi Hæstaréttar hinn 21. júní 1965. En eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, verður við það að miða, að stefnda hafi þegar verið greidd björgunarlaunin fyrir björgun m/s Kötlu og að sjóveðrétturinn í þeim sé því fallinn niður samkvæmt 221. gr. laga nr. 66/1963, en í staðinn komin ábyrgð stefnda samkvæmt 222. gr. laganna.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Gunnar Jóhannesson f. h. stjórnar Eldeyjar h/f, greiði áfrýjanda, Helga Grétari Helgasoni vegna sjálfs sín og áhafnar á v/b Vilborgu, KE 51, kr. 240.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 12. apríl 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 30. október 1964 og dómtekið 30. marz s.l., hefur stefnandinn Helgi Grétar Helgason skipstjóri, Kirkjuvegi 13, Keflavík, sem eigandi v/b Vilborgar, KE 51, höfðað fyrir sína hönd og áhafnar v/b Vilborgar fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 26. október 1964 og

birtri sama dag, gegn Jóhannesi Gunnari Jóhannessyni útgerðar-
manni, Suðurgötu 41, Keflavík, f. h. eiganda v/b Eldeyjar, KE 37,
til greiðslu björgunarlauna kr. 3.000.000.00 auk vaxta og kostn-
aðar og gegn Vátryggingafélaginu h/f, Reykjavík, til réttar-
gæzlu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til
að greiða sér vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51,
kr. 3.000.000.00 í björgunarlaun með 8% ársvöxtum frá 31.
janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað samkv. gjaldskrá
Lögmannafélags Íslands og ennfremur, að viðurkenndur verði
sjóveðréttur stefnanda í v/b Eldey, KE 37, fyrir öllum tildæmd-
um kröfum. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda,
Vátryggingafélaginu h/f, né heldur hann kröfu uppi á hendur
stefnanda.

Stefndu mótmæla því, að um björgun hafi verið að ræða og
krefjast lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður
verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Laust fyrir hádegi hinn 31. janúar 1964, er m/s Katla hafði
leyst landfestar frá hafnargarðinum í Keflavík, varð skipið
vélarvana og rak að landi. V/b Eldey, KE 37, sem var við
bryggju í höfninni og með vél í gangi, kom til aðstoðar Kötlu og
dró hana af grunni og út fyrir bryggjuhausinn. Er Eldey hafði
byrjað dráttinn, kom v/b Vilborg, KE 51, sem einnig var í höfn-
inni, á vettvang, en aðstoðar hennar virtist ekki þörf, þar eð
Eldey var þegar komin af stað með Kötlu, og lagðist Vilborg
þá aftur að bryggju. En skömmu síðar kom stefndi Jóhannes
niður á bryggjuna og bað stefnanda að fara með v/b Vilborgu
til hjálpar Eldey, sem ræki að landi hjálparvana, þar sem hún
hefði fengið dráttartaugina frá Kötlu í skrúfuna. Stefnandi brá
strax við og fór ásamt stefnda Jóhannesi á v/b Vilborgu til
aðstoðar við Eldey. Svo hafði viljað til, að er Eldey hafði
dregið Kötlu út úr höfninni og aðstoðað við að snúa henni, var
þeim enda dráttartrossunnar, sem fest var í Kötlu, sleppt af
skipverjum, og trossan fór í skrúfu Eldeyjar með þeim afleið-
ingum, að Eldey byrjaði að reka að landi hjálparvana undan
sjó og vindi. Katla hélt áfram ferð sinni án þess nokkurn tíma
að stoppa frá því Eldey byrjaði að draga hana af grunni, en
kallað var frá Kötlu á aðstoð úr landi til handa Eldey, er þeir
um borð sáu, hvernig ástatt var, og trossan var komin í skrúf-
una, en sjálf hélt Katla áfram ferð sinni, eftir að aðstoðar Eld-

eyjar við hana var lokið, en Eldey sjálf orðin hjálparþurfi.

Í dagbókarútdrætti m/s Kötlu 31. jan. 1964 segir svo: „.... Þá fór vélin í gang á ný, og var hægt að láta ganga aftur á bak út úr höfninni. V/b Eldey togaði um leið, en var síðan gefið merki um að sleppa. En svo illa tókst til, að trossan fór í skrúfuna á Eldey. Var þá endanum sleppt úr Kötlu. Eldley rak að landi, og kl. 12.10 lét skipstjórinn á Kötlu kalla á aðstoð úr landi til handa Eldey. Kom þá v/b Vilborg til aðstoðar og dró Eldey inn í höfnina. Kl. 12.11 full ferð“

Í framburði sínum segir Jóhann Sigurjónsson, skipstjóri á m/s Kötlu, að hann hafi kallað til skipverja á v/b Eldey um að sleppa trossunni, en trossan hafi lent í skrúfu Eldeyjar, um leið og þeir slökuðu á bómunni og áður en endanum var sleppt á m/s Kötlu. Kveðst hann hafa gefið fyrirmæli um að sleppa trossunni, eftir að hún hafði lent í skrúfu Eldeyjar.

Stýrimaðurinn á Kötlu, Haraldur Ólafsson, kveðst hafa verið frammi á skipinu og ekki veitt því athygli, að trossan hafi farið í skrúfu Eldeyjar, sér hafi verið sagt frá því, að þegar vinda hafi átt inn trossuna, hafi strikkað á henni og þeir misst hana út.

Henry Kristjánsson, stýrimaður á v/b Eldey, sem í þetta sinn fór með skipstjórn vegna fjarveru skipstjórans Péturs Sæmundssonar, segir í framburði sínum, að eftir að Eldey hafi aðstoðað við að snúa afturenda Kötlu til, þannig að framendi hennar sneri í vindinn, svo að hún gæti siglt beint áfram, þá hafi það skeð, að Katla hélt ferð sinni áfram án þess að stöðva eða gefa þeim Eldeyjarmönnum færi á að losa trossuna, sem hafi verið eign Kötlu. Hafi Kötlumenn aðvörunarlaust sleppt trossuendanum sín megin, án þess að þeir á Eldey gætu slakað á eða losað endann sín megin, með þeim afleiðingum, að trossan fór í skrúfuna á Eldey, þar eð þeir voru að reyna að bakka til að fá slaka á trossuna. Við þetta hafi Eldey orðið ósjálfbjarga og rekið að landi. Er svo var komið, segir stýrimaðurinn, að þeir á Eldey hafi heyrt Kötlu tilkynna Keflavíkurradíói í gegnum talstöðina, hvernig komið væri fyrir Eldey, og hafi verið kallað til Eldeyjar yfir talstöðina úr landi, að v/b Vilborg væri lögð af stað til aðstoðar. Stýrimaðurinn segir enn fremur, að þeir hafi haft allt „klárt“ til að varpa akkerum, en hafi ekki gert það, þegar þeim var tilkynnt, að Vilborg væri á leiðinni til þeirra, enda hafi Vilborg þegar komið þeim til aðstoðar. Vilborg hafi rennt fram með bakborðssíðu Eldeyjar og tilraunir um köst á línu frá Vilborgu hafi ekki heppnast,

en línu var kastað frá Eldey yfir í Vilborgu, og var hún sett föst þar, og dró Vilborg Eldey síðan til hafnar, þar sem froskmaður var fenginn til að hreinsa úr skrúfunni, sem við nánari skoðun reyndist mjög biluð. Stýrimaður heldur því fram, að trossan hafi ekki lent í skrúfu Eldeyjar, fyrr en henni var sleppt frá Kötlu. Hafi trossan fyrst lent ofan á stýri Eldeyjar, en síðan í skrúfunni. Segir hann, að strax og þess varð vart, að trossan lenti ofan á stýrið, hafi þá þegar verið „kúplað sundur“ og hafi skrúfan stöðvazt um leið. Stýrimaðurinn kveðst aldrei hafa heyrt né séð nein merki frá Kötlu um að losa trossuna, en þeir á Eldey hafi verið að reyna að losa hana og bakk að til að fá slaka á hana, en ekki tekizt, vegna þess að Katla var á ferð, og þó hafi trossan verið fest á Eldey, þannig að auganu á trossunni hafi verið smeygt ofan á pollann. Trossan hafi verið 50—60 faðmar á lengd og hafi miðjan á henni farið í skrúfuna vegna þess, að vindurinn hafi sett sveig á hana og skrúfan gripið sveiginn.

Í dagbókarútdrætti v/b Vilborgar segir stefnandi, að stuttu eftir að báturinn hafi verið lagstur að bryggju eftir að hafa komið frá Kötlu, hafi útgerðarmaður Eldeyjar komið til sín og beðið sig að fara til björgunar Eldey, sem væri komin með trossu í skrúfuna og ræki hjálparlaust að landi. Vindur hafi verið snarpur af austri og útfall og því mikil hætt á, að Eldey strandaði. Hafi því samstundis verið lagt frá bryggju og siglt á fullri ferð í áttina til Eldeyjar og hafi útgerðarmaður hennar, stefndi í máli þessu, verið um borð. Það hafi þá strax sézt, að Eldey var komin það nálægt landi, að hreinn sjór var milli svonefnds Skarfaskers, sem er blindsker nokkuð frá landi, og Eldeyjar, og þegar komið var móts við Eldey, hafi hún virzt vera um það bil 3 bátsbreiddir frá stórgrýttri fjörunni. Hafi Vilborg lagt svo nálægt Eldey sem óhætt var talið og dráttartaug komið milli skipanna og Eldey síðan dregin til hafnar. Skipstjórinn á v/b Vilborgu, stefnandi í máli þessu, segir í framburði sínum, að hann telji, að Eldey hafi ekki getað bargazt af sjálfdáðum, eins og ástatt var fyrir henni, þegar Vilborg kom á vettvang. Segir hann, að Eldey hafi verið komin það nálægt landi, að vafasamt sé, að það hefði komið að haldi, þótt Eldey hefði þá varpað akkerum. Þá telur skipstjórinn, að ógerningur hefði verið að ná tóginu úr skrúfu Eldeyjar úti á sjó, eins og á stóð.

Jóhannes Gunnar Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgerðar

v/b Eldeyjar, hefur borið, að hann hafi fylgzt með drætti Eldeyjar á Kötlu frá aðalbryggjunni í Keflavík, og þegar hann hafi séð, hvernig komið var, eftir að Eldey fékk trossuna í skrúfuna, hafi hann ásamt meðeiganda sínum að v/b Eldey farið um borð í v/b Vilborgu til að hitta skipstjórann, en hann hafi þá verið á bryggjunni. Kveðst Jóhannes hafa farið til hans og beðið hann að fara Eldey til hjálpar. Hafi skipstjórinn brugðizt skjótt við og hafi hann, Jóhannes, farið með á Vilborgu. Telur Jóhannes „að það hafi verið alveg á síðasta snúningi“, að akkeri v/b Eldeyjar kæmu að haldi. Þegar þeir komu á vettvang, hefði þeim verið varpað. Þá telur hann, að ef akkerum hefði verið varpað, strax og Eldey fékk trossuna í skrúfuna, hefðu þau komið að haldi. Þá segir hann, að hann telji útilokað, þótt Eldey hefði strax varpað akkerum og getað legið, að skipshöfn hennar hefði getað náð tóginu úr skrúfunni. Hefði slíkt verið ógerningur nema með aðstoð froskmanns úr landi. Eldley hefði að kvöldi þess 31. janúar verið dregin af varðskipi til Reykjavíkur og var sett þar í slipp.

Vitnið Hafliði Kristjánsson, 1. vélstjóri á v/b Eldey, segir í framburði sínum, að hann telji, að v/b Vilborg hafi bjargað v/b Eldey úr yfirvofandi hættu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að v/b Eldey hefði strandað og farizt, ef v/b Vilborg hefði ekki komið svo skjótt á vettvang og bjargað henni í tæka tíð. Stefnandi og áhöfn Vilborgar hafi lagt sig og skipið í mikla hættu við björgunarstarfið. Hér sé því um algera björgun að ræða í skilningi siglingalaganna og beri að ákveða fjárhæð björgunarlauna í samræmi við reglur 1. mgr. 200. gr. laganna.

Stefndu halda því hins vegar fram, að v/b Eldey hafi ekki verið í þeirri hættu, að hún færist, ef aðstoð hefði ekki komið. Skipstjórinn hafi ekki beðið um aðstoð né aðhafzt neitt til að bjarga skipinu. Hann hefði hæglega getað strax varpað akkerum og reynt að losa skrúfuna sjálfur, en tekið þann kostinn, sem þægilegri var, þ. e. að bíða eftir aðstoð. Hafi Eldey þá verið það langt frá landi, að bráð hætta á strandi hafi ekki verið fyrir hendi. Skipstjórinn hefði getað forðað því ástandi, sem Eldey komst í, með því að varpa akkerum strax og vart varð við, að trossan var komin í skrúfuna. V/b Eldey hefði alltaf getað bjargað sér sjálf, hvort sem aðstoð kom eða ekki. Auk þess hafi v/b Vilborg legið við bryggju tilbúin til fararinnar, v/b Eldey verið skammt undan og engin hætta verið

á ferðum, hvorki fyrir Vilborgu né áhöfn hennar samfara aðstoð hennar, því að aðalstarfið hafi verið að taka á móti dráttar- taug frá Eldey og draga hana síðan til hafnar. Allt þetta hafi tekið skamman tíma og verið kostnaðarlítið fyrir útgerð Vilborgar. Hér sé því ekki um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna, heldur aðstoð, og er stefnukröfu mótmælt sem allt of hárrí, þar sem hún nemi 47% af váttryggingarverði Eldeyjar og verðmæti farms, sem aðiljar hafa komið sér saman um að leggja til grundvallar.

Hinir sérfróðu meðdómendur líta svo á með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu og eftir þeirra eigin þekkingu, að eins og ástatt var orðið fyrir v/b Eldey, þegar v/b Vilborg kom á vettvang, hefði verið útilokað, að hún hefði af eigin rammleik getað forðað sér frá strandi. Fjaran er þarna stórgrýtisurð. Vindur var 5—6 stig að austan, útfall og Eldey aðeins ca. 3 bátsbreiddir frá fjörunni. Hefði hjálp v/b Vilborgar ekki mátt seinna koma til að forða skipinu frá strandi undir þessum kringumstæðum. Hins vegar telja hinir sérfróðu meðdómendur, að stýrimaðurinn, Henry Kristjánsson, sem í umrætt sinn fór með skipstjórn v/b Eldeyjar, hefði borið að varpa akkerum, strax og hann varð var við, að trossan var komin í skrúfunu, í stað þess að velja þann kostinn að bíða átektu, því að með því hefði hann getað forðað v/b Eldey frá því hættuástandi, sem hún komst í upp við stórgrýtta fjöruna og gat ekki sloppið frá án utanaðkomandi hjálpar.

Með vísun til þess, sem fram hefur komið í málinu, og þau atvik öll eru virt lítur dómurinn svo á, að v/b Eldey hafi verið í bráðri hættu og hér hafi verið um björgun að ræða, en ekki aðstoð í skilningi VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963, og beri því að dæma stefnanda björgunarlaun.

Ekki verður fallizt á þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi lagt sig, áhöfn sína og v/b Vilborgu í mikla hættu við björgunarstarfið. Umrædd björgun tók skamman tíma og var tiltölulega auðveld. Drátturinn sjálfur tók stuttan tíma og án óhappa á leiðinni til hafnar.

Samkomulag er milli stefnanda annars vegar og stefnda og réttargæzlustefnda hins vegar, að til grundvallar verðmæti v/b Eldeyjar og farms hennar verði lagt váttryggingarverð skipsins, kr. 6.000.000.00, og áætlað verðmæti farms, kr. 400.000.00, eða samtals kr. 6.400.000.00. V/b Eldey er 139 smálesta stálskip, smíðað í Noregi árið 1960, og telur stefnandi, að sannvirði

Þess megi áætla allt að kr. 9.000.000.00, en með vísun til ofangreinds samkomulags aðilja nema hinir björguðu hagsmunir samtals kr. 6.400.000.00.

Þegar öll málsatvik eru virt, hætta sú, sem v/b Eldey var í, þegar hjálpin var veitt, svo og önnur atriði, sem máli skipta, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 200.000.00. Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt, en dómurinn telur rétt eftir eðli málsins, að hún verði lækkuð úr 8% í 7% ársvexti.

Ber að dæma stefnda, Jóhannes Gunnar Jóhannesson f. h. eiganda v/b Eldeyjar, KE 37, til að greiða stefnandanum, Helga Grétari Helgasyni fyrir sína hönd og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51, nefnda fjárhæð, kr. 200.000.00, með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar hinum til dæmdu fjárhæðum.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Þorsteinssyni skipstjóra og Höskuldi Þórðarsyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Gunnar Jóhannesson f. h. eiganda v/b Eldeyjar, KE 37, greiði stefnandanum, Helga Grétari Helgasyni fyrir sína hönd og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51, kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnað kr. 30.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
